

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 vegna fjölgunar aðalgöngustíga í Ævintýragarðinum (109-Oú).

Skipulagsstofnun staðfesti þann 24. október 2016 breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 31. ágúst 2016.

Í breytingunni felst að aðalgöngustígum er fjölgað á svæðinu til þess að bæta göngutengingar við núverandi stígakerfi. Nýir stígar verða allt að 4 m breiðir. Gerðar verða tvær göngubrýr yfir Varmá og ein göngubrú yfir Köldukvísl.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 24. október 2016.*

F.h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ottó Björgvin Óskarsson.*